

Fimmtudaginn 21. nóvember 1996.

Nr. 106/1996.

Íslenska ríkið

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

gegn

Sigurði Hjálmarssyni

(Guðmundur Kristjánsson hrl.)

og gagnsök

Bifreiðar. Kjarasamningur. Slysaftrygging. Vátrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. mars 1996. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og að sér verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að fjárhæðir verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði með stefnu 26. apríl 1996. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjandi greiði sér 1.671.145 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. nóvember 1994 til greiðsludags, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Í málinu er deilt um túlkun og gildi skilmála slysaftryggingar samkvæmt samkomulagi aðaláfrýjanda og Starfsmannafélags ríkisstofnana, stéttarfélags gagnáfrýjanda. Samkomulag þetta var gert 26. febrúar 1990, en samkvæmt því skyldu starfsmenn vera slysaftryggðir allan sólarhringinn vegna dauða eða varanlegrar örorku. Um skilmála trygginganna var vísað til sérstakra reglna, nr. 30/1990 og nr. 31/1990, sem fjármálaráðherra hafði sett 16. janúar 1990. Hefur því ekki verið andmælt af hálfu gagnáfrýjanda, að reglur þessar teldust hluti samkomulags aðila. Er ágreiningslaust í málinu, að miða skuli við reglur nr. 30/1990, þar sem gagnáfrýjandi slasaðist í starfi. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. reglnanna er tryggingin í eigin áhættu ríkissjóðs,

og samkvæmt 2. mgr. sömu greinar eiga lög nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga við um trygginguna, þegar ekki er vikið frá þeim í reglunum.

Gagnáfrýjandi var starfsmaður sjávarútvegsráðuneytisins og ók bifreið í þess eigu, er hann lenti í árekstri og slasaðist í Ólafsfirði 17. nóvember 1991. Hafði aðaláfrýjandi keypt lögmæltar váttryggingar vegna bifreiðarinnar hjá Váttryggingafélagi Íslands hf., þar á meðal ökumannstryggingu samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Váttryggingafélagið hefur neitað að greiða gagnáfrýjanda óskertar bætur úr ökumannstryggingunni, þar sem það telur, að draga eigi frá þeim slysatryggingarfé, sem honum beri að fá samkvæmt ofangreindu samkomulagi. Hefur félagið greitt gagnáfrýjanda 4.516.475 krónur og jafnframt áætlað, að bætur frá aðaláfrýjanda yrðu 1.150.000 krónur.

Í 2. mgr. 14. gr. reglna nr. 30/1990 kemur fram, að beri slys að með þeim hætti, að váttryggður öðlist rétt til bóta úr annarri slysatryggingu, er ríkissjóður kosti, skuli bætur úr þeirri tryggingu koma að fullu til frádráttar bótum samkvæmt reglunum.

Enda þótt ökumannstrygging samkvæmt 92. gr. umferðarlaga hafi þau einkenni skaðatryggingar, að bætur skuli ákveða í samræmi við tjón metið eftir reglum skaðabótaréttar, verður hún engu að síður talin slysatrygging í skilningi 2. mgr. 14. gr. reglna nr. 30/1990. Eins og áður segir, hafði aðaláfrýjandi keypt slíka váttryggingu vegna bifreiðar þeirrar, er gagnáfrýjandi ók greint sinn. Meta verður samkomulag aðaláfrýjanda og stéttarfélags gagnáfrýjanda svo, að með því sé verið að auka öryggi launþega umfram lagaskyldu. Takmörkun sú, sem felst í 2. mgr. 14. gr. reglna nr. 30/1990, miðar að því, að sömu hagsmunir séu ekki tvíttryggðir. Verður ekki talið, að slíkt ákvæði, sem aðilar hafa samið um, sé andstætt lögum eða ógilt á grundvelli 2. mgr., sbr. 3. mgr., 25. gr. laga nr. 20/1954, en þau ákvæði voru í gildi, þegar gagnáfrýjandi slasaðist.

Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjandi sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda.

Rétt þykir, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, íslenska ríkið, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Sigurðar Hjálmarssonar.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 450.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i
Hjartar Torfasonar

Í máli þessu er um það deilt, hvort lögboðin váttrygging öku­manns samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eigi að hafa áhrif á rétt gagnáfrýjanda til slysabóta úr hendi ríkissjóðs sem váttrygg­janda á grundvelli kjarasamnings við Starfsmannafélag ríkisstofnana og reglna nr. 30/1990 um skilmála slysatryggingar ríkisstarfsmanna samkvæmt slíkum samningum. Eins og til er vísað í hinum áfrýjaða dómi, er öku­mannstryggingin ekki slysatrygging í eiginlegri merk­ingu, heldur skaðatrygging, sem miðuð er við raunverulegt tjón hins slasaða á sama hátt og ábyrgðartrygging bifreiðareigenda gagnvart vegfarendum og farþegum samkvæmt 90. gr. umferðarlaga. Verður hún ekki talin til slysatrygginga í þeim skilningi, sem eðlilegt er að leggja í ákvæði 2. mgr. 14. gr. umræddra reglna, þ. e. metin sem slysatrygging, er ríkissjóður eða vinnuveitandi á vegum hans hafi kostað, svo að þýðingu hafi fyrir hlutaðeigandi starfsmann. Hlýtur ákvæðið að skírskota til trygginga, er séu í meginatriðum sambærilegar við hina umsömdu tryggingu hjá ríkissjóði, sem er hefðbundin slysatrygging. Efni 25. gr. laga nr. 10/1954 um váttryggingarsamninga og annarra meginreglna á því sviði styður þá skýringu eindregið.

Þessi skýring á 2. mgr. 14. gr. reglnanna á því fremur við, að annar skilningur myndi leiða til mismununar í bótagreiðslum milli ríkis­starfsmanna eftir því, hvort þeir verða fyrir umferðarslysum í eigin bifreiðum eða bifreiðum í opinberri eigu og hvort þeir eru öku­menn eða farþegar, að því er ríkisbifreiðirnar varðar. Mætti öðrum þræði lýsa henni þannig, að réttur starfsmannanna yrði þeim mun betri, því fjær sem þeir væru vinnu sinni, þegar þeir slasast, og verður það ekki talið meðal líklegra markmiða kjarasamnings. Áfrýj­andi hefur og ekki sýnt fram á, að viðsemjandi hans við gerð kjara-

samningsins hafi lagt þann skilning í 2. mgr. 14. gr., sem hann heldur hér sjálfur fram. Við mat á ákvæðinu og viðhorfi samningsaðila verður einnig að líta til þess, að efni 92. gr. umferðarlaga hafði ekki verið skýrt að marki af hálfu dómstóla, þegar reglurnar voru settar og samningurinn gerður.

Með kröfugerð áfrýjanda er þannig stefnt að endaskiptum á því, sem helst á við eftir almennum reglum á sviði skaðabóta og vátryggingar og viðhorfum til jafnræðis á vinnumarkaði, og verður að hafna henni. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með vísan til þess, sem hér var rakið, og að öðru leyti til forsendna hans, en gera áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. desember 1995.

1. Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 7. júní 1995, og dómtekið 8. þ. m.

Stefnandi er Sigurður Hjálmarsson, kt. 051143-3109, Stekkjarkinn 7, Hafnarfirði.

Stefndi er fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs Íslands.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu 1.671.145 króna auk ársdráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. 11. 1994 til greiðsludags. Þess er krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist á höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 17. 11. 1995. Þá er krafist málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti samkvæmt málskostnaðarreikningi, að fjárhæð 394.002 krónur.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður úr hendi hans.

2. Í stefnu greinir þannig frá málsástæðum og öðrum atvikum:

„Málsástæður og önnur atvik eru þau, að skömmu eftir hádegi 17. 11. 1991 varð árekstur bifreiðanna LG-356 og YF-735 á mótum Ólafsfjarðarvegar og Aðalgötu í Ólafsfirði, en stefnandi ók síðarnefndu bifreiðinni, sem var í eigu vinnuveitanda hans, sjávarútvegsráðuneytisins. Var hann á þessum tíma að gegna starfi sínu þarna, fiskveiðieftirliti. Stefnandi slasaðist illa í árekstri þessum. Mátu lækarnir Jónas Hallgrímsson og Sigurður Thorlacius læknisfræðilega örorku hans 100% í sex og hálfan mánuð, en voru hins vegar ósammála um varanlegu örorkuna. Mat hinn fyrrnefndi hana 35%, en hinn síðarnefndi 25%. Varanlega fjárhagslega örorku stefnanda mátu lækarnir hins vegar 50%.

Stefnandi hefur fengið (31. 10. 1994) örorkubætur hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. úr ökumannsslysatryggingu bifreiðar þeirrar, sem hann ók. Varð

hann þó að sæta því, að félagið héldi eftir 1.150.000 kr., sem það taldi ríkissjóð eiga að greiða skv. reglum nr. 30/1990 um skilmála slysaftryggingar ríkisstarfsmanna skv. kjarasamningum vegna slysa, sem starfsmenn verða fyrir í starfi. Taldi félagið jafnframt, að bætur þessar ættu að koma til lækkunar skaðabótum úr áður nefndri slysaftryggingu ökumanns.

Stefnandi krafði ríkissjóð um þessar bætur (skv. reglum nr. 30/1990) með bréfi, rituðu samdægurs (31. 10. 1994), til embættis ríkislögmans. Í bréfi hans, dags. 7. 11. 1994, segir, að bætur skv. nefndum reglum komi ekki til viðbótar bótum úr „annarri slysaftryggingu, sem vinnuveitandi kostar, eins og ökumannstryggingu“, heldur komi bætur úr hinnar keyptu tryggingu að fullu til frádráttar bótum úr slysaftryggingu skv. kjarasamningi. Síðan segir svo í umræddu bréfi: „Með vísan til þessa er ekki unnt að gera upp hugsanlegan bótarétt umbjóðanda yðar úr slysaftryggingu skv. kjarasamningi, fyrr en gögn varðandi uppgjör bóta úr ökumannstryggingunni hafa borist embættinu.“ Þetta svar fól í raun í sér höfnun á kröfu stefnanda, þar sem bréfritari hafði þá þegar fengið upplýst munnlega, hvað samist hafði um bætur til stefnanda úr ökumannstryggingunni. Námu þær verulega hærrí fjárhæð en þær gátu orðið skv. reglum nr. 30/1990 og komu því þeim að fullu til frádráttar skv. framangreindu álitu ríkislögmans.

Ljóst er og ágreiningslaust, að stefnandi hefur ekki fengið greiddar allar þær örorkubætur vegna slyssins 17. 11. 1991, sem hann á rétt á. Telur stefndi sig ekki greiðsluskyldan af framangreindum ástæðum. Stefnanda ber nauðsyn til að fá úr því skorið, hvað rétt sé í þessu efni, og því er mál þetta höfðað. Miðar hann við, að hin umstefnda fjárhæð eigi að koma til viðbótar (sé óháð og óviðkomandi) áðurgreindum bótum sínum úr ökumannstryggingu bifreiðarinnar, en einnig sjálfstætt, að þær komi hér til frádráttar. Skv. títtnefndum reglum nr. 30/1990, 11. gr., var viðmiðunartala bóta vegna vinnutímaslysa 4.774.700 kr. í nóvember 1994, þ. e. þrjú ár frá slysi. Til grundvallar stefnufjárhæð, 1.671.145 kr., er miðað við 30% varanlega læknisfræðilega örorku stefnanda, en þar hafa 26-30% hennar tvöfalt vægi. Vísast í þessu efni til 10. gr. reglnanna, 1. og 2. tl.“

Lagarök stefnanda byggjast á fyrrgreindum reglum nr. 30/1990, einkum 14. gr. þeirra. Einnig vísar stefnandi til laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga og almennra reglna skaðabótaréttarins.

3. Stefnandi kveður ágreiningsefni máls þessa snúast um bótarétt stefnanda úr slysaftryggingu samkvæmt samningi. Hann vísar til samkomulags, sem síðar mun greint frá. Vegna bókana með kjarasamningum ríkisstarfsmanna 1987 og 1989 hafi skilmálar og bótafjárhæðir slysaftryggingar verið tekin til gagngerðrar endurskoðunar. Því starfi hafi lokið í janúar 1990 og síðan ver-

ið birtar reglur um skilmála í stjórnartíðindum, B-deild, nr. 30 og 31 frá 1990. Reglur þessar gildi nú um alla ríkisstafsmenn aðra en lögreglumenn og stafsmenn Alþingis.

Stefnandi, sem hafi orðið fyrir meiðslum í umferðaróhappi, eigi rétt til bóta vegna líkamstjóns samkvæmt skilmálum lögboðinnar slysaftryggingar ökumanns, sbr. 92. gr. umferðarlaga. Slíkar bætur skuli koma að fullu til frádráttar slysaftryggingarbótum samkvæmt kjarasamningi, sbr. 2. mgr. 14. gr. skilmálanna, en samkvæmt 2. gr. þeirra sé tryggingin í eigin áhættu ríkissjóðs. Engin ákvæði í kjarasamningi og skilmálum standi til þess, að stefnandi taki samtímis eða óháð bætur úr tryggingu, sem sé í eigin áhættu stefnda, og bætur úr tryggingu, sem hann kaupir hjá vaftryggingafélagi og kosti til tryggingar sömu hagsmunum. Þar sem keypt trygging hafi að fullu bætt hina tryggðu hagsmunum, sé engum ógreiddum bótum til að dreifa samkvæmt þeim kjarasamningi, sem kröfugerð stefnanda á hendur stefnda grundvallist á.

Varakrafa stefnda er reist á því, að krafa stefnanda sé of há að höfuðstóli. Miðað sé við bætur vegna 30% varanlegrar örorku, án þess að sú krafa styðjist við niðurstöðu örorkumats, sbr. 10. gr. skilmálanna. Fyrir liggir, að Vigfús Magnússon hafi metið stefnanda til 25% varanlegrar örorku og að sömu niðurstöðu hafi Sigurður Thorlacius komist í sameiginlegu mati hans og Jónasar Hallgrímssonar. Því mati, að stefnandi hafi hlotið 25% varanlega örorku af völdum slyssins, hafi þannig ekki verið hnekkt. Þá er kröfu stefnanda um dráttarvexti og upphafstíma þeirra mótmælt.

4. Stefnandi hlaut örorku af völdum slyss, sem hann varð fyrir 17. 11. 1991 við akstur bifreiðarinnar YF-735, eign sjávarútvegsráðuneytisins. Hann var opinber starfsmaður með aðild að Starfsmannafélagi ríkisstofnana.

Hinn 26. febrúar 1990 var gert samkomulag milli fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Starfsmannafélags ríkisstofnana. Þar var kveðið á um það, að frá 1. apríl 1989 skyldu falla úr gildi allar greinar kafla 7.1. um slysaftryggingar í kjarasamningi aðila, en í staðinn skyldu ákvæði samkomulagsins gilda. Í upphafsgrein segir, að starfsmenn skuli slysaftryggðir allan sólarhringinn fyrir dauða eða vegna varanlegrar örorku. Um trygginguna gildi mismunandi bótafjárhæðir og tryggingarskilmálar eftir því, hvort starfsmaður verði fyrir slysi í starfi eða utan starfs. Um skilmála trygginga þessara gildi sérstakar reglur, nr. 30/1990 og nr. 31/1990, sem fjármálaráðherra hafi sett. Að öðru leyti er í samkomulaginu að meginefni mælt fyrir um fjárhæðir og tryggingarskilmála. Reglur nr. 30/1990 eru um skilmála slysaftryggingar ríkisstarfsmanna samkvæmt kjarasamningum vegna slysa, sem þeir verða fyrir

í starfi. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. er tryggingin í eigin áhættu ríkissjóðs. Í 2. mgr. 2. gr. segir, að um trygginguna gildi lög nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga, þegar ekki sé vikið frá þeim í reglum þessum. Í 3. mgr. 2. gr. segir, að hugtakið váttryggður merki þann, sem eigi kröfu um greiðslu bóta. Í 2. mgr. 14. gr. segir, að beri slyss að með þeim hætti, að váttryggður öðlist rétt til bóta úr annarri slyssatryggingu, sem ríkissjóður eða vinnuveitandi kosta, skuli bætur úr þeirri tryggingu koma að fullu til frádráttar bótum samkvæmt reglunum.

Stefnandi fékk greiddar bætur frá váttryggjanda bifreiðarinnar YF-735, Váttryggingafélagi Íslands hf., á grundvelli skilmála lögboðinnar slyssatryggingar ökumanna samkvæmt 92. gr. umferðarlaga. Í kvittun fyrir lokauppgjöri, dags. 31. 10. 1994, með greiðslu, að fjárhæð 4.516.475 krónum, segir: „Endanlegt uppgjör fer fram á tjóni þessu, þegar fyrir liggur, hversu háar bætur fást úr slyssatryggingu launþega af hálfu ríkissjóðs, en í uppgjöri þessu eru þær áætlaðar 1.150.000 kr.“

Í máli þessu reynir á skýringu undantekningarreglu 2. mgr. 14. gr. reglna nr. 30/1990, sbr. tilgreint samkomulag og kjarasamninga. Um er að ræða samningsbundna atvinnuslyssatryggingu. Stefndi hefur í eigin áhættu tjón, sem ber að höndum, en um greiðslur, sem eru að hætti summutrygginga, fer eftir reglum váttryggingarréttar.

Samkvæmt 92. gr. umferðarlaga skal váttrygging greiða bætur vegna slyss, sem ökumaður kann að verða fyrir. Váttryggingin er slyssatrygging, en á hinn bóginn er tjón metið og fjárhæð bóta ákveðin eftir reglum skaðabótaréttar.

Greiðsla bóta til stefnanda samkvæmt 92. gr. umferðarlaga hefur engin áhrif á rétt hans til tryggingabóta á hendur stefnda, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga, en sú grein er ófrávíkjanlega váttryggðum í óhag, sbr. 3. gr. sömu laga. Sú niðurstaða styðst einnig við þann tilgang með lögtöku skyldutryggingar ökumanns að gera hann um bótarétt hliðsettan farþega, sem slasast í ökutæki. Enn fremur leiðir þröng orðskýring, sem hér á við, á hinu umdeilda ákvæði til sömu niðurstöðu.

Það sætir ekki ágreiningi, að miða beri við váttryggingarfjárhæð vegna varanlegrar örorku í nóvember 1994, 4.774.700 krónur. Samkvæmt 10. gr. reglna nr. 30/1990 ber að greiða í hlutfalli við örorkustig, en þó þannig, að hvert stig frá 26% til 50% vegur tvöfalt og hvert stig frá 51% til 100% þrefalt. Vigfús Magnússon læknir mat varanlega örorku stefnanda 19. maí 1994 25%. Samkvæmt matsgerð læknanna Jónasar Hallgrímssonar og Sigurðar Thorlacius, dags. 17. september 1994, sem þeir unnu að ósk Váttryggingafélags Íslands hf. og lögmanns stefnanda, varðandi örorku stefnanda metur Sigurður varanlega læknisfræðilega örorku 25%, en Jónas 35%. Samkvæmt því verður 25% varanleg örorka lögð til grundvallar.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 1.193.675 krónur ásamt vöxtum, sem greinir í dómsorði, og málskostnað, sem ákveðst alls 240.000 krónur.

Mál þetta dæmir Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Sigurði Hjálmarssyni, 1.193.675 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 7. júní 1995 til greiðsludags og 240.000 krónur í málskostnað.
